
Læsisstefna
Viðmið og viðbrögð
Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar
2016

Efnisyfirlit

1. Lestrarfærni.....	3
1.1. Viðmið í leshraða	3
1.2. Viðbrögð ef viðmiðum er ekki náð í leshraða:.....	4
1.3. Viðmið í lesskilningi.....	4
1.4. Viðbrögð ef viðmiðum er ekki náð í lesskilningi	4

1. Lestrarfærni

Markmið Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar í læsi byggjast á Aðalnámskrá leik- og grunnskóla í íslensku.

Stefnt er að því að allir nemendur nái tökum á :

- Hraðri og lipurri umskráningarfærni (sjá nánar hér að neðan).
- Sveigjanlegu lestrarlagi og skýrri og góðri framsögn.
- Ítrasta lesskilningi úr aldursvarandi texta.
- Færni til að tjá sig skýrt og með blæbrigðum, bæði í töluðu og rituðu máli.
- Að lesa, túlka og meta texta sér til gagns og ánægju.

1.1. Viðmið í leshraða

Nemendur skólans taka lesfímiprófið Lesferil. Lesferill er gefinn út af Menntamálastofnun.

Maíviðmið fyrir lesfímipróf Lesferils – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu eru eftirfarandi:

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Maíviðmið fyrir lesfímipróf Lesferils – fjöldi rétt lesinna atkvæða á mínútu eru eftirfarandi:

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	30	80	110
2. bekkur	60	130	160
3. bekkur	90	170	200
4. bekkur	130	200	240
5. bekkur	150	230	270
6. bekkur	175	260	290
7. bekkur	200	280	320
8. bekkur	215	300	350
9. bekkur	230	300	350
10. bekkur	240	300	350

Nánar má sjá um lesfimi á slóðinni:

https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_mms.pdf

1.2. Viðbrögð ef viðmiðum er ekki náð í leshraða:

- Barn sem fær slaka eða mjög slaka færni fær viðeigandi þjónustu, þ.e. talmeinaþjónustu, einstaklingsáætlun og/eða stuðning í sérkennslu
- Nemandi sem ekki nær 25% viðmiðum í Lesferli fer í sérstakt lestrarátak í samvinnu við sérkennara, umsjónarkennara og foreldra.

1.3. Viðmið í lesskilningi

Tvisvar á skólaárinu er skimað í lesskilningi í 4. – 10. bekk. Staðlaða prófið Orðarún er notað við þá skimun. Stöðluð viðmið er fylgja Orðarún eru notuð til að meta árangur.

Samræmt könnunarpróf í lesskilningi er lagt fyrir í 4., 7. og 9. bekk. Prófið er gefið út af Menntamálastofnun.

Læsi er lagt fyrir í 1. og 2. bekk. Miðað er við að barn nái 60% árangri í Læsi.

Kennarar setja sér einnig viðmið um lesskilning í einstökum verkefnum og námslotum.

1.4. Viðbrögð ef viðmiðum er ekki náð í lesskilningi

Þeir nemendur sem ekki ná viðmiðum í **Orðarún** eru skoðaðir sérstaklega af umsjónarkennurum og sérkennara og farið er í viðeigandi einstaklingsmiðaða vinnu. Foreldrar eru upplýstir um stöðuna.

Niðurstöður **samræmdra prófa** eru metnar hverju sinni og farið í viðeigandi einstaklingsmiðaðar ráðstafanir.

Ef börn eru undir 60% viðmiðum í **Læsi** vinna kennarar sérstaklega með það með aðferðum byrjendalæsis.

Kennarar bregðast við í einstökum verkefnum og námslotum ef barn er ekki að ná fyrirfram settum markmiðum í lesskilningi. Það gera þeir t.d. með því að gera einstaklingsáætlun, kenna gagnvirkan lestur, markvissri kennslu orðaforða, aðlaga námsefnið að þörfum barnsins, nýta leiðsagnarmat og samstarfi við foreldra.

Sérkennari er í samstarfi og ráðgjöf við kennara um aðlagað námsefni og leiðir ef viðmiðum er ekki náð. Sérkennari sinnir sérkennslu og leggur fyrir logos ef þurfa þykir.